

HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Vöktun laxa- og bleikjustofna á vatnasvæði Hörðudalsár 2025

Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

MARINE & FRESHWATER RESEARCH INSTITUTE

Vöktun laxa- og bleikjustofna á vatnasvæði Hörðudalsár 2025

Höfundar	Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson
Unnið fyrir	Veiðifélag Hörðudalsár
Verkefnisstjóri	Jóhannes Guðbrandsson
Yfirfarið af	Benóný Jónssyni
Samþykkt af	Guðni Guðbergsson sviðstjóri Ferskvatns- og eldissviðs

Haf- og vatnarannsóknir / Marine and Freshwater Research in Iceland

Númer	HV 2026-05	ISSN	2298-9137
Dagsetning	16. febrúar 2026	Dreifing	Opin
Fjöldi síðna	21	Verknúmer	8931

© Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Ágrip

Laxveiðin á vatnasvæði Hörðudalsá 2025 var 44 fiskar sem er 11,4% undir meðalveiði. Hluttur stórlaxa af heildarveiðinni var 27,3%. Hrygnur voru í meirihluta smálaxa en hængar í meirihluta stórlaxa. Þriðjungi stórlaxa var sleppt en litlum hluta smálaxa. Bleikjuveiðin taldi 50 fiska og var einungis um 20% af meðalveiði. Meirihlutinn var hrygnur og litlum hluta var sleppt. Tveir hnúðlaxar veiddust. Maðkur var algengasta agnið í stangveiðinni, bæði fyrir lax og bleiku. Innan við þriðjungur laxa var veiddur á flugu en tæplega helmingur bleikja.

Hreistursýni af löxum voru aldursgeind af fjórðungi veiðinnar og var ferskvatnsaldur þeirra á bilinu þrjú til fimm ár, komnir úr klakárgöngum 2018 – 2021. Hlutdeild laxa á endurtekinni hrygningu var 45,5%, allir úr smálaxagöngu 2024. Tveggja ára laxar úr sjó og laxar á endurtekinni hrygningargöngu virðast hafa vegið upp á móti lítilli smálaxagöngu á vatnasvæði Hörðudsalsár 2025.

Aldursgeind sýni af bleikju námu 14,0% af heildarveiði og var ferskvatnsdvöl fyrir fyrstu sjógöngu tvö til þrjú ár. Allar bleikjurnar utan ein höfðu gengið í tvígang til sjávar en aldur bleikjanna var frá 3 – 5 ára, komnar úr klaki árána 2020 – 2022.

Í seiðamælingum á viðmiðunarstöðvum veiddust 65 laxaseiði (0+ og 1+), 42 bleikjuseiði (0+ og 1+), tvö flundruseiði auk fimm hornsíla. Meðallengd 0+ seiðanna var 0,5 cm yfir langtímameðaltali en 1+ seiðin voru jöfn meðaltali. Meðallengd 0+ bleikjuseiðanna var undir meðaltali en 1+ seiðin voru jöfn meðaltali.

Seiðavísitala laxaseiðanna (0+ og 1+) var langt undir langtímameðaltali en vísitala sumargömlu (0+) bleikjuseiðanna var þriðjungi hærri en meðaltalið og vísitala veturgömlu (1+) bleikjuseiðanna var um helmingur af meðaltali. Flutningur á lifandi hrygningarfiski upp á efra svæði Laugár haustið 2023 og 2024 skilaði sýnilegum árangri og veiddust þar 17 laxaseiði (0+ og 1+) og að auki 9 bleikjuseiði (0+).

Í ljósi lítils þéttleika laxaseiða er lagt til að eingöngu verði leyfð fluguveiði og að skylt verði að sleppa öllum laxi á vatnasvæði Hörðudalsár. Lagt er til að haldið verði áfram með flutning fiska upp á efra svæði Laugár.

Lykilorð: Lax, bleikja, fiskflutningur, fiskvegur, maðkur, fluga, stangveiði, seiðavísitala, meðallengd, hreistursýni.

Efnisyfirlit

1 Inngangur	1
2 Framkvæmd	2
2.1 Stangveiði	2
2.2 Hreisturrannsóknir	2
2.3 Seiðarannsóknir	2
3 Niðurstöður	4
3.1 Stangveiði	4
3.2 Hreisturrannsóknir	8
3.3 Seiðarannsóknir	9
3.3.1 Seiðamæling á vöktunarstöðvum (stöðvar 1,5 – 7)	9
3.3.2 Seiðamæling ofan fiskvegjar í Laugá	13
4 Umræður	14
Þakkarorð	17
Heimildir	18
Ítarefni	19
Viðauki 1: Staðsetning stöðva vegna seiðamælinga á vatnasvæði Hörðudalsár 2025. *Ekki veidd.	20
Viðauki 2. Stangveiðin á vatnasvæði Hörðudalsár 2025 eftir veiðistöðum. Nr. 0=veiðistaður ekki skráður; nr.1 er neðst í ánni og nr. 36 er efstur.	21
Viðauki 3: Yfirlit um fjölda hrygningarlaxa sem sleppt var lifandi á efra svæði Laugár haustin 2023 – 2025.	21

Myndaskrá

1. mynd. Kort af rannsóknastöðvum vegna seiðamælinga á vatnasvæði Hörðudalsár 2025..	3
2. mynd. Laxveiðin á vatnasvæði Hörðudalsár 1984 – 2025.	6
3. mynd. Bleikjuveiði á vatnasvæði Hörðudalsár 1987 – 2025.	6
4. mynd. Hlutdeild veiða og sleppa úr stangveiðinni á vatnasvæði Hörðudalsár 2012 – 2025.	7
5. mynd. Stangveiði (fjöldi fiska á viku) á vatnasvæði Hörðudalsár árið 2025.	7
6. mynd. Meðallengd (cm) aldurshópa laxaseiða á viðmiðunarstöðvum í seiðamælingum á vatnasvæði Hörðudalsár 2012 – 2025.	10
7. mynd. Meðallengd (cm) aldurshópa bleikjuseiða á viðmiðunarstöðvum í seiðamælingum á vatnasvæði Hörðudalsár 2012 – 2025.	11
8. mynd. Seiðavísitala (fj/100 m ²) laxaseiða eftir aldri á vatnasvæði Hörðudalsár 2012 – 2025.	12
9. mynd. Seiðavísitala (fj/100 m ²) bleikjuseiða eftir aldri á vatnasvæði Hörðudalsár 2012 – 2025.	12

Töfluskrá

Tafla 1. Stangveiði á laxi og bleikju á vatnasvæði Hörðudalsár árið 2025.	4
Tafla 2. Laxveiðin á vatnasvæði Hörðudalsár árið 2025 skipt eftir sjávaraldri og kyni.	5
Tafla 3. Veiði á bleikju og hnúðlaxi á vatnasvæði Hörðudalsár árið 2025, skipt eftir kyni eða óþekkt kyn.	5
Tafla 4. Notkun á agni í stangveiðinni á vatnasvæði Hörðudalsár 2025.	8
Tafla 5. Hreisturrannsóknir á laxi á vatnasvæði Hörðudalsár árið 2025.	8
Tafla 6. Upplýsingar um lax á endurtekinni hrygningu í Hörðudalsá 2025.	8
Tafla 7. Niðurstöður hreistursýna á laxi á vatnasvæði Hörðudalsár 2025 rakin til klakárganga.	9
Tafla 8. Hreisturrannsóknir á bleikju á vatnasvæði Hörðudalsár árið 2025.	9
Tafla 9. Upplýsingar um bleikju í hreisturrannsóknum á vatnasvæði Hörðudalsár 2025.	9
Tafla 10. Meðallengd (cm) aldurshópa laxaseiða í seiðamælingum á vatnasvæði Hörðudalsár 9. sept. 2025.	10
Tafla 11. Meðallengd (cm) aldurshópa bleikjuseiða í seiðamælingum á vatnasvæði Hörðudalsár 9. sept. 2025.	11
Tafla 12. Meðallengd flundruseiða og hornsíla í seiðamælingum á vatnasvæði Hörðudalsár 9. september 2025.	11
Tafla 13. Seiðavísitala (fj/100m ²) allra tegunda í seiðamælingum á vatnasvæði Hörðudalsár 9. sept. 2025.	12
Tafla 14. Holdastuðull (K) aldurshópa laxa- og bleikjuseiða í seiðamælingum (st. 1 – 7,5) á vatnasvæði Hörðudalsár 9. sept. 2025.	13

Tafla 15. Meðallengd (cm) aldurshópa bleikju- og laxaseiða í seiðamælingum 9 sept. 2025, ofan fiskvegar í Laugá.	13
Tafla 16. Seiðavísitala (fj/100m ²) hjá bleikju og laxi í Laugá ofan fiskvegar 9. sept. 2025. ...	13

1 Inngangur

Hörðudalsá (10 km), Vífilisdalsá (12 km) og Laugá (8 – 9 km) eru þau megin vatnsföll sem tilheyra vatnasvæði Hörðudalsár (Sigurjón Rist, 1990). Vífilisdalsá og Laugá sameinast sem Hörðudalsá, norðan við Tungufjall í Hörðudal, þaðan sem hún rennur 10 km leið til Hvammsfjarðar. Um mitt sumar 2020 var lokið við fleygun á ófiskgengum fossi í Laugá sem staðsettur er í gljúfri um 3 km ofan við ármótin. Svæðið ofan hans hefur að geyma um 5 – 6 km af ákjósanlegu hrygningar- og uppeldissvæði fyrir laxfiska (Ásta Kristín Guðmundsdóttir o.fl., 2017).

Merktir veiðistaðir á vatnasvæði Hörðudalsár eru 36 talsins og eru leigðar út 2 stangir á dag. Veiðitíminn er frá 10. júlí – 30. september. Leyfilegt agn er maður og fluga og kvóti miðast við 8 bleikjur og 3 laxa á dagstöng. Þegar kvóta er náð ber að leggja maðkastönginni, hafi hún verið notuð, og veiða eftir það eingöngu á flugu og sleppa veiddum fiskum. Biðlað er til veiðimanna að sleppa stórlaxahrygnum (Hörður Hjartarson, tölvupóstur 4. apríl 2024). Nokkrir friðaðir árhlotar eru á svæðinu og er fyrstur nefndur hluti Vífilisdalsár er rennur fyrir innan bæinn Vífilisdal, Laugá (öll áin), Fjórðungssíki, Hundasíki og Köldukvísl.

Vatnasvæði Hörðudalsár var áður gjöfult til veiða á sjóbleikju og eru dæmi um að yfir þúsund bleikjur hafi veiðst á ári þegar mest var. Eftir aldamótin 2000 dróst veiði á bleikju mikið saman, líkt og á landsvísi, en meðalveiði á ári í Hörðudalsá (1987 – 2024) er 247 bleikjur (Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2025). Laxveiðivon hefur lengi fylgt veiðisvæðinu en undanfarinn einn og hálfan áratug hefur veiði á laxi aukist töluvert og hefur fjöldi laxa farið í tvígang yfir hundrað fiska en meðalveiði á ári (1985 – 2024) er 50 fiskar (Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2025).

Í þessari skýrslu verða kynntar niðurstöður rannsókna Hafrannsóknastofnunar á vatnasvæði Hörðudalsár árið 2025. Upplýsingar um stangveiði ársins verða settar í samhengi við langtímaþróun í laxveiði á vatnasvæðinu ásamt því að greint verður frá niðurstöðum hreisturrannsókna úr laxveiðinni. Seiðavísitala og meðallengdir aldurshópa seiða verða reiknaðar úr seiðamælingum ársins og verða niðurstöðurnar bornar saman við langtímameðaltöl í seiðamælingum á vatnasvæðinu á tímabilinu 2012 – 2024 (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson, 2025). Með rafveiðum var kannaður árangur af flutningi hrygningarlaxa upp fyrir fleygaðan fiskveg í Laugá haustið 2023 og 2024 sem og árangur af hugsanlegu landnámi göngufiska.

2 Framkvæmd

2.1 Stangveiði

Upplýsingar um stangveiði ársins 2025 á vatnasvæði Hörðudalsár voru fengnar úr veiðigagnagrunni Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu. Við greiningu veiðinnar var fjöldi fiska í stangveiðinni flokkaður eftir fisktegund og sundurliðaður eftir afla (fiskar sem er landað) og sleppingum (veitt og sleppt). Veiðin var sundurliðuð eftir kyni og laxinn eftir sjávaraldri auk þess sem meðalþyngd og kynjahlutföll hvers flokks um sig voru tilgreind. Mörkin á milli smálaxa (eitt ár í sjó) og stórlaxa (tvö ár í sjó) voru skilgreind óháð kyni þannig að lax undir 70 cm er smálax en lax 70 cm og stærri er stórlax. Veiði ársins 2025 var borin saman við langtímagögn um þróun stangveiðinnar á svæðinu (1984 – 2025).

2.2 Hreisturrannsóknir


Veiðimenn safna hreistri úr stangveiðinni á vatnasvæði Hörðudalsár. Við úrvinnslu á sýnum var aldur fiskanna greindur, bæði í ferskvatns- og sjávardvöl ásamt því að vöxtur mismunandi aldurs skeiða var mældur og bakreiknaður. Auk þess var greint var hvort fiskur ætti endurteknar hrygningargöngur að baki. Mikilvægi söfnunar á hreistri, aðferðum við sýnatöku og úrvinnslu gagna hefur áður verið ítarlega lýst (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2013; Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson, 2018). Á heimasíðu Hafrannsóknastofnunnar er að finna nákvæmar upplýsingar um sýnatöku á hreistri og skráningu upplýsinga á sýnatökumslög. Slóð á leiðbeiningarnar fylgir hér:

<https://www.hafogvatn.is/is/rannsoknir/stangveidi/hreistursynataka>

2.3 Seiðarannsóknir

Þann 9. september 2025 voru árlegar vöktunarstöðvar í Vífilisdalsá (nr. 1,5 og 2), Hörðudalsá (nr. 3, 4 og 5) og Laugá (nr. 7) rannsakaðar en þær tilheyra samfelldum seiðamælingum frá 2012 (1. mynd og Viðauki 1). Stöð nr. 6.5 sem er efst í gljúfri Laugár (neðan fiskvegarins) hefur verið rannsökuð frá 2018 en í mælingunum 2024 og 2025 var áin vatnsmikil og ekki þótti fært að veiða þar. Ofan fiskvegar í Laugá var veitt á þremur stöðum (nr. 6, 100 og 125) og leitast við að kanna landnám göngufiska ofan fiskvegarins og hinsvegar nýliðun vegna flutnings hrygningarfiska þangað, en laxar voru fluttir og sleppt þar haustið 2023 og 2024. Aðferðum á notkun rafveiðibúnaðar til seiðamælinga hefur áður verið ítarlega lýst (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2013).

Öll seiði voru lengdarmæld (cm) og vegin (g) ef þess var kostur auk þess sem nokkur seiði á hverri stöð voru krufin til sýnatöku á kvörnum, magainnihaldi og til kyngreiningar. Öðrum seiðum var sleppt aftur í ána að loknum lengdar- og þyngdarmælingum. Kvarnir voru notaðar til aldursgreiningar og aldur ókrufinna seiða metinn út frá lengd. Meðallengd (cm) allra aldurs hópa seiða var reiknuð auk þéttleikavísitölu (fjöldi seiða á 100/m²) og holdastuðuls ($K=100 \cdot \text{þyngd} / \text{lengd}^3$).



1. mynd. Kort af rannsóknastöðvum vegna seiðamælinga á vatnasvæði Hörðudalsár 2025. Stöðvar eru sýndar með rauðum punkti og númeri. Stöð nr. 6,5 var ekki veidd 2025. Sýnd er staðsetning fiskvegur (byggður 2020).

3 Niðurstöður

3.1 Stangveiði

Á vatnasvæðinu veiddust 44 laxar (Tafla 1) og var hlutur stórlaxa af heildarveiðinni 27,3%. Meðalþyngd smálaxa var áætluð 2,30 kg en stórlaxa 4,38 kg (Tafla 2). Hrygnur voru í meirihluta smálaxa en hængar í meirihluta stórlaxa (Tafla 2). Laxveiðin 2025 var einungis um 29% af veiði ársins 2024 og 11,4% undir meðalveiði sem er 50 laxar (2. mynd). Þriðjungi stórlaxa var sleppt en litlum hluta smálaxa (Tafla 1). Að meðaltali hafa 14,7% laxa verið sleppt úr veiðinni á tímabilinu 2012 – 2025 (4. mynd).

Skráðar voru 50 bleikjur í veiðinni (Tafla 1), meirihlutinn hrygnur og áætluð meðalþyngd þeirra var 0,86 kg (Tafla 3). Veiðin var einungis um fimmtungur af meðalveiði árána 1987 - 2024 (250 fiskar) (3. mynd). Litlum hluta bleikja var sleppt í veiðinni (Tafla 1) en að meðaltali á tímabilinu 2012 – 2025 hafa 7,0% bleikja verið sleppt (4. mynd).

Tveir hnúðlaxar (hrygna og hængur) veiddust neðarlega á vatnasvæðinu (Viðauki 2) og var þeim báðum landað (Tafla 1). Áætluð meðallengd þeirra var 2,24 kg (Tafla 3).

Flestar bleikjurnar veiddust í júlí og var mesta vikuveiði á bleikju í fyrstu viku veiðimanns (5. mynd). Fáeinir bleikjur veiddust í ágúst og september. Hnúðlaxarnir tveir veiddust annarsvegar í seinustu viku júlí og hinsvegar um miðjan ágúst (5. mynd). Laxveiðin fór stígandi frá upphafi veiðitímans og út júlí og fór svo minnkandi fram til 20. ágúst og ekkert veiddist eftir það fyrr en í fyrstu viku september og stóð veiðin út veiðitímann. Mesta vikuveiði á laxi var frá 10. – 17. september (5. mynd).

Tafla 1. Stangveiði á laxi og bleikju á vatnasvæði Hörðudalsár árið 2025. Sýnt er hve miklu af veiðinni var landað eða sleppt og hlutfall sleppinga af heildarveiðinni.


Tegund	Afli	Sleppt	Veiði	Sleppt (%)
Bleikja	47	3	50	6,0
Hnúðlax	2	0	2	0,0
Smálax	28	4	32	12,5
Stórlax	8	4	12	33,3
Lax alls	36	8	44	18,2

Tafla 2. Laxveiðin á vatnasvæði Hörðudalsár árið 2025 skipt eftir sjávaraldri og kyni. Mæld og áætluð meðalþyngd og -lengd hvers flokks er sýnd.


Kyn	Fjöldi	Mæld_meðalþyngd	Áætluð_meðalþyngd	Mæld_meðallengd	Áætluð_meðallengd	Heildarþyngd	Kyn (%)
Smálax							
Hængur	11	2,20	2,34	60,18	60,18	25,79	35,48
Hrygna	20	2,26	2,26	59,95	59,95	45,22	64,52
Óþekkt	1		2,57	62,00	62,00	2,57	
Alls	32	2,24	2,30	60,09	60,09	73,59	
Stórlax							
Hængur	7	4,40	4,46	76,43	76,43	31,19	58,33
Hrygna	5	3,55	4,26	76,60	76,60	21,32	41,67
Alls	12	4,06	4,38	76,50	76,50	52,52	

Tafla 3. Veiði á bleikju og hnúðlaxi á vatnasvæði Hörðudalsár árið 2025, skipt eftir kyni eða óþekkt kyn. Mæld og áætluð meðalþyngd og -lengd hvers flokks er sýnd.

Kyn	Fjöldi	Mæld_meðalþyngd	Áætluð_meðalþyngd	Mæld_meðallengd	Áætluð_meðallengd	Heildarþyngd	Kyn (%)
Bleikja							
Hængur	5	0,74	0,74	51,50	44,65	3,70	31,25
Hrygna	11	0,70	0,68	38,14	38,29	7,43	68,75
Óþekkt	34	1,04	0,94	38,47	42,96	31,83	
Alls	50	0,93	0,86	39,46	42,10	42,96	
Hnúðlax							
Hængur	1		2,13	58,00	58,00	2,13	50,00
Hrygna	1		2,34	60,00	60,00	2,34	50,00
Alls	2		2,24	59,00	59,00	4,47	




2. mynd. Laxveiðin á vatnasvæði Hörðudalsár 1984 – 2025. Lárétt lína sýnir meðalveiði (1984 – 2024).



3. mynd. Bleikjuveiði á vatnasvæði Hörðudalsár 1987 – 2025. Lárétt lína sýnir meðalveiði (1987 – 2024).



4. mynd. Hlutdeild veiða og sleppa úr stangveiðinni á vatnasvæði Hörðudalsár 2012 – 2025.



5. mynd. Stangveiði (fjöldi fiska á viku) á vatnasvæði Hörðudalsár árið 2025. Myndin spannar tímabilið frá 2. júlí – 23. september.

Maðkur var algengasta agnið í stangveiðinni, bæði fyrir lax og bleiku (Tafla 4). Innan við þriðjungur laxa var veiddur á flugu en tæplega helmingur bleikjunnar. Agn var ekki skráð í tæplega 7% tilfella hjá laxi. Hnúðlaxarnir veiddust á sitthvort agnið (Tafla 4).

Tafla 4. Notkun á agni í stangveiðinni á vatnasvæði Hörðudalsár 2025.

Agn	Lax		Bleikja		Hnúðlax	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Fluga	13	29,5	22	44,0	1	50
Maðkur	28	63,6	28	56,0	1	50
Óþekkt	3	6,8	0	0,0	0	0
Samtals	44	50,0	50	2,0	2	100

3.2 Hreisturrannsóknir

Hreistur af 11 löxum voru aldursgeind (25,0% af heildarveiði) og bentu niðurstöður til náttúrulegs uppruna í öllum tilfellum og var ferskvatnsaldur á bilinu þrjú til fimm ár (Tafla 5). Fimm sýnanna (45,5%) voru af löxum á endurtekinni hrygningu og komu úr smálaxagöngu ársins 2024 (Tafla 5; Tafla 6). Hreistursýnaúrtakið mátti rekja til fjögurra klakárganga (2018 – 2021) en að stærstum hluta var það úr klaki árána 2020 og 2021 (Tafla 7).

Tafla 5. Hreisturrannsóknir á laxi á vatnasvæði Hörðudalsár árið 2025. Tilgreindur er fjöldi eftir aldri í ferskvatni og í sjó og hvort um fyrstu eða endurtekna hrygningargöngu (G) er að ræða.

Ferskvatns- aldur (ár)	1. hrygningarganga			2. hrygningarganga		Alls	%
	1 ár í sjó	2 ár í sjó	Samtals	1 ár í sjó + 1G	Samtals		
3	4	1	5	3	3	8	72,7
4	1		1	1	1	2	18,2
5				1	1	1	9,1
Samtals	5	1	6	5	5	11	100

Tafla 6. Upplýsingar um lax á endurtekinni hrygningu í Hörðudalsá 2025. Kyn 2=hrygna, 1=hægur og 0=óþekkt. FA=aldur í ferskvatni; SA=aldur í sjó við fyrstu hrygningargöngu; SG=hve margar endurtekna hrygningargöngur; Aldur= FA:SA+SG.

Dags. veiði	Lengd (cm)	Þyng (g)	Kyn	FA (ár)	SA	SG	Aldur	Klakár	Athugasemdir
13.8.2025	65	0	2	3	1	1	03:02	2020	Stutt sjávardvöl eftir 1.hrygningu
15.8.2025	63	0	2	3	1	1	03:02	2020	Stutt sjávardvöl eftir 1.hrygningu
17.8.2025	66	0	2	5	1	1	05:02	2018	Stutt sjávardvöl eftir 1.hrygningu
11.9.2025	73	0	1	3	1	1	03:02	2020	Stutt sjávardvöl eftir 1.hrygningu
14.9.2025	64	2.600	0	4	1	1	04:02	2019	Stutt sjávardvöl eftir 1.hrygningu

Tafla 7. Niðurstöður hreistursýna á laxi á vatnasvæði Hörðudalsár 2025 rakin til klakárganga. 1S+1G er lax á endurtekinni hrygningargöngu.

Klakár	Smálax	Stórlax	1S+1G	Samtals	%
2021	4			4	36,4
2020	1	1	3	5	45,5
2019			1	1	9,1
2018			1	1	9,1
Samtals	5	1	5	11	100

Hreistur af 7 bleikjum voru aldursgeind (14,0% af heildarveiði) og sýndu niðurstöður ferskvatnsdvöl fyrir fyrstu sjógöngu tvö til þrjú ár (Tafla 8). Allar bleikjurnar utan ein höfðu gengið í tvígang til sjávar en aldur bleikjanna var frá þriggja til fimm ára, komnar af klaki árána 2020 – 2022 (Tafla 9).

Tafla 8. Hreisturrannsóknir á bleikju á vatnasvæði Hörðudalsár árið 2025. Tekinn er fram aldur í ferskvatni fyrir fyrstu útgöngu (fæðuleit til sjávar) og samanlagður fjöldi útganga/sjóganga.

Ferskvatns- aldur (ár)	1 x útganga		2 x útganga			Alls	%
	Hr	Samtals	Hæ	Hr	Samtals		
2	1	1	1	3	4	5	71,4
3				2	2	2	28,6
Samtals	1	1	1	5	6	7	100

Tafla 9. Upplýsingar um bleikju í hreisturrannsóknnum á vatnasvæði Hörðudalsár 2025. Kyn=hrygna/hængur; FA=aldur í ferskvatni fyrir fyrstu sjógöngu. Aldur=FA+fjöldi sjóganga.

Dags.veiði	Lengd (cm)	Þyng (g)	Kyn	FA (ár)	Sjóganga (fj)	Aldur (ár)	Klakár
12.7.2025	35,5	400	Hr	2	1	3	2022
12.7.2025	36,0	500	Hr	3	2	5	2020
13.7.2025	40,0	600	Hr	2	2	4	2021
13.7.2025	40,5	600	Hr	2	2	4	2021
13.7.2025	44,0	800	Hæ	2	2	4	2021
13.7.2025	41,0	700	Hr	3	2	5	2020
13.7.2025	36,0	500	Hr	2	2	4	2021
Meðaltöl	39,0	586		2,3	1,9	4,1	

3.3 Seiðarannsóknir

Í seiðamælingum á viðmiðunarstöðvum vöktunar (st. 1,5 – 7) á vatnasvæði Hörðudalsár veiddust 65 laxaseiði af tveimur aldurshópum (0+ og 1+) (Tafla 8) og 42 bleikjuseiði einnig af tveimur aldurshópum (0+ og 1+). Jafnframt veiddust tvö flundruseiði og fimm hornsíli (Tafla 9).




Ofan fiskvegarins í Laugá veiddust 17 laxaseiði af tveimur aldurshópum (0+ og 1+) og níu sumargömul (0+) bleikjuseiði (Tafla 10).

3.3.1 Seiðamæling á vöktunarstöðvum (stöðvar 1,5 – 7)

Meðallengd sumargamalla (0+) laxaseiða var 7,7 cm sem er 0,5 cm yfir langtímameðaltali og meðallengd veturgömlu (1+) seiðanna var 6,9 cm, jöfn langtímameðaltalinu (Tafla 8; 6. mynd). Engin tveggja vetra laxaseiði veiddust en langtímameðallengd aldurshópsins er 9,2 cm (6. mynd).

Tafla 10. Meðallengd (cm) aldurshópa laxaseiða í seiðamælingum á vatnasvæði Hörðudalsár 9. sept. 2025.
MI=meðallengd; Fj=fjöldi; SD=staðalfrávik.

Stöð (nr)	Lax 0+			Lax 1+			Samtals
	MI	Fj	SD	MI	Fj	SD	
1,5				7,2	3	0,95	3
2	4,6	3	0,26	6,9	3	0,15	6
3	4,9	4	0,33	6,8	1		5
4	4,8	14	0,29	6,5	1		15
5	5,5	1		6,8	1		2
7	4,7	30	0,42	6,8	4	0,29	34
Samtals	4,7	52	0,38	6,9	13	0,46	65





6. mynd. Meðallengd (cm) aldurshópa laxaseiða á viðmiðunarstöðvum í seiðamælingum á vatnasvæði Hörðudalsár 2012 – 2025. Langtímameðaltal (2012 – 2024) er sýnt með láréttri línu. Ath. mismunandi kvarða á Y – ás.

Meðallengd sumargömlu (0+) bleikjuseiðanna var undir langtímameðaltali eða 5,3 cm en veturgömlu (1+) seiðin voru jöfn langtímameðaltalinu eða 8,6 cm (Tafla 9; 7. mynd). Meðallengd flundruseiðanna var 4,3 cm og hornsílanna 3,3 cm (Tafla 12).

Tafla 11. Meðallengd (cm) aldurshópa bleikjuseiða í seiðamælingum á vatnasvæði Hörðudalsár 9. sept. 2025. MI=meðallengd; Fj=fjöldi; SD=staðalfrávik.

Stöð (nr)	Bleikja 0+			Bleikja 1+			Samtals
	MI	Fj	SD	MI	Fj	SD	
1,5	5,1	18	0,36	8,6	3	0,35	21
2	5,4	11	0,38				11
3	5,4	5	0,59				5
4	5,0	1					1
5							0
7	6,2	4	0,22				4
Samtals	5,3	39	0,50	8,6	3	0,35	42



7. mynd. Meðallengd (cm) aldurshópa bleikjuseiða á viðmiðunarstöðvum í seiðamælingum á vatnasvæði Hörðudalsár 2012 – 2025. Langtíameðaltal (2012 – 2024) er sýnt með láréttri línu. Ath. mismunandi kvarða á Y – ás.

Tafla 12. Meðallengd flundruseiða og hornsíla í seiðamælingum á vatnasvæði Hörðudalsár 9. september 2025.

Stöð (nr)	Flundra 0+			Hornsíli		
	MI	Fj	SD	MI	Fj	SD
1,5						
2						
3				2,8	1	
4	4,3	2	0,07	2,7	1	
5				3,7	3	0,74
7						
Samtals	4,3	2	0,07	3,3	5	0,72





Vísitala sumargömlu (0+) laxaseiðanna var 4,0/100 m² sem er einungis um 40% af langtíameðaltali og vísitala veturgömlu (1+) seiðanna var 1,2/100 m² (fjórðungur af l.m.t.) (Tafla 13; 8. mynd). Engin tveggja vetra (2+) laxaseiði veiddust en meðaltals vísitala aldurshópsins (2012 – 2024) er 1,2/100 m².

Vísitala vorgömlu (0+) bleikjuseiðanna var 3,8/100 m² sem er um þriðjungi hærri en langtíameðaltalið og vísitala veturgömlu (1+) bleikjuseiðanna var 0,3/100 m² sem er um helmingur af langtíameðaltalinu (Tafla 13; 9. mynd).



Seiðavísitala flundruseiða var 0,1/100 m² og hornsíla 0,4/100 m² (Tafla 13).

Tafla 13. Seiðavísitala (fj/100m²) allra tegunda í seiðamælingum á vatnasvæði Hörðudalsár 9. sept. 2025.

Stöð (nr)	Svæði (m ²)	Bleikja			Lax			Flundra	Hornsíli
		0+	1+	Samtals	0+	1+	Samtals	0+	Aldur ógr.
1,5	175,4	10,3	1,7	12,0	0,0	1,7	1,7	0,0	0,0
2	139,4	7,9	0,0	7,9	2,2	2,2	4,3	0,0	0,0
3	233,9	2,1	0,0	2,1	1,7	0,4	2,1	0,0	0,4
4	259,9	0,4	0,0	0,4	5,4	0,4	5,8	0,8	0,4
5	208,1	0,0	0,0	0,0	0,5	0,5	1,0	0,0	1,4
7	210,6	1,9	0,0	1,9	14,2	1,9	16,1	0,0	0,0
Meðaltal		3,8	0,3	4,0	4,0	1,2	5,2	0,1	0,4



8. mynd. Seiðavísitala (fj/100 m²) laxaseiða eftir aldri á vatnasvæði Hörðudalsár 2012 – 2025. Heil lárétt lína sýnir meðaltalsvísitölu (Mt) tímabilsins (2012 – 2024). Athugið mismunandi kvarða á Y – ás.



9. mynd. Seiðavísitala (fj/100 m²) bleikjuseiða eftir aldri á vatnasvæði Hörðudalsár 2012 – 2025. Heil lárétt lína sýnir meðaltalsvísitölu (Mt) tímabilsins (2012 – 2024). Athugið mismunandi kvarða á Y – ás.

Holdastuðull (K) allra aldurshópa bleikjuseiða var 0,9 að meðaltali og holdastuðull allra aldurshópa laxaseiða var 1,0 að meðaltali (Tafla 14). Laxaseiði með holdastuðul um 1,0 og bleikjuseiði með holdastuðul um 0,9 eru talin seiði í eðlilegum holdum.

Tafla 14. Holdastuðull (K) aldurshópa laxa- og bleikjuseiða í seiðamælingum (st. 1 – 7,5) á vatnasvæði Hörðudalsár 9. sept. 2025.

Ferskvatns- aldur (ár)	Bleikja			Lax		
	K	Fjöldi	SD	K	Fjöldi	SD
0+	0,9	37	0,07	1,0	52	0,11
1+	0,9	3	0,08	1,1	15	0,08
Alls	0,9	40	0,07	1,0	67	0,10

3.3.2 Seiðamæling ofan fiskvegar í Laugá

Ofan fiskvegar í Laugá veiddust bæði bleikju- og laxaseiði. Bleikjuseiðin voru 9 talsins, öll sumargömul (0+) en laxaseiðin voru af tveimur aldurshópum; 17 sumargömul (0+) og 4 eins árs (1+) (Tafla 15).

Meðallengd bleikjuseiðanna (0+) var 5,8 cm en meðallengd sumargömlu (0+) laxaseiðanna var 4,3 cm og þeirra veturgömlu 7,7 cm (Tafla 15).

Tafla 15. Meðallengd (cm) aldurshópa bleikju- og laxaseiða í seiðamælingum 9 sept. 2025, ofan fiskvegar í Laugá. MI=meðallengd; Fj=fjöldi; SD=staðalfrávik.

Stöð (nr)	Bleikja 0+			Lax 0+			Lax 1+			Lax samtals
	MI	Fj	SD	MI	Fj	SD	MI	Fj	SD	
6							8,5	2	0,92	2
100	5,8	9	0,39				7,0	2	0,21	2
125				4,3	13	0,19				13
Samtals	5,8	9	0,39	4,3	13	0,19	7,7	4	1,02	17

Vísitala vorgömlu bleikjuseiðanna var 1,4/100 m² að meðaltali en vísitala vorgömlu (0+) laxaseiðanna var 2,0/100 m² að meðaltali og vísitala þeirra veturgömlu 0,7/100 m² (Tafla 16).

Tafla 16. Seiðavísitala (fj/100m²) hjá bleikju og laxi í Laugá ofan fiskvegar 9. sept. 2025.

Stöð (nr)	Svæði (m ²)	Bleikja	Lax		
		0+	0+	1+	Samtals
6	175,8	0,0	0,0	1,1	1,1
100	219,0	4,1	0,0	0,9	0,9
125	219,3	0,0	5,9	0,0	5,9
Meðaltal		1,4	2,0	0,7	2,7

4 Umræður

Í bráðabirgðatölum Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu kemur fram að stangveiði á villtum laxi í ám á Íslandi árið 2025 dregst saman um 33% á milli ára og er einnig um 33% undir meðalveiði frá 1974 (Hafrannsóknastofnun, 2025). Hér er átt við stangveiði þegar búið er að undanskilja fjölda laxa úr hafbeitarsleppingum en ekki hefur verið leiðrétt fyrir þeim fjölda laxa er kunna að veiðast aftur eftir að hafa verið veitt og sleppt. Fjöldi laxa sem gengur í árnar ár hvert er m.a. háður fjölda gönguseiða sem halda til sjávar árin á undan og afdrifum þeirra í sjávardvölinni. Almennt hefur dánartala laxa í sjó í Norður Atlantshafi farið vaxandi og eru ástæður þess ekki fyllilega þekktar. Þó má nefna að sýnt hefur verið fram á að hitafar sjávar er einn af lykilþáttum í laxgengd og laxveiði hverju sinni (Olmos ofl., 2020).

Óvenjuleg hlýindi einkenndu íslenskt veðurfar sumarið 2025 (Veðurstofa Íslands, 2026a,b,c,d,e). Maí hefur ekki áður mælst jafn hlýr og setti löng hitabylgja mark sitt á mánuðinn. Júní var hinsvegar tiltölulega kaldur og hiti víðast hvar undir meðaltali. Það sem eftir lifði sumars einkenndist af hlýindum, einkum í júlí, og var meðalhiti mánaðanna að september meðtöldum yfir meðaltali. Áhrif hlýindanna koma glöggst fram í vöktunarneti Hafrannsóknastofnunar á vatnshita í ám á Vesturlandi. Sem dæmi má nefna að mælingar á vatnshita í Krossá á Skarðsströnd hafa verið gerðar frá 1999 – 2025. Jákvaett frávik var á mánaðarmeðaltölum á vatnshita í Krossá frá maí – september. Mesta frávik var í júlí (+1,44°C) og næst mest í maí (+ 1,29°C). Frávik í júní var +0,36; +0,60 í ágúst og +0,79 í september (óbirt gögn).

Laxveiðin í Hörðudalsá árið 2025 var um 11,0% undir meðalveiði áranna 1984 – 2024 en innan við þriðjungur af veiði ársins 2024 sem var sú mesta í sögu veiðiskráningar í ánni (151 lax). Í Hörðudalsá er algengast að veiðin sé borin uppi af smálöxum, þ.e. árgangi gönguseiða frá árinu áður. Það vekur athygli að hlutur stórlaxa í veiðinni 2025 var rúm 27% en til samanburðar var hlutdeild stórlaxa á árunum 2020 – 2024 að meðaltali um 6% (frá 2 – 9%) (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2021, 2022; Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson, 2023, 2024 og 2025).

Hlutfall laxa á endurtekinni hrygningu hefur ekki áður greinst jafn hátt í hreistursýnum úr Hörðudalsá og verður 45% hlutdeild að teljast óvenjuleg. Til samanburðar má geta þess að greining upplýsinga úr gagnaröð hreistursýna úr átta laxveiðiám á Íslandi frá tímabilinu 1989 – 2006 sýnir að hlutfall laxa á endurtekinni hrygningu var að meðaltali frá 3,0 – 9,8% eftir ám en fór mest í 25% í Stóru Laxá árið 1998 (Halla Kjartansdóttir, 2008). Niðurstöður hreisturgreiningar úr Miðá í Miðdölum fyrir tímabilið 2009 – 2019 sýndu mesta hlutdeild laxa á endurtekinni hrygningu 16% árið 2011 (Jóhannes Guðbrandsson, 2020).

Laxarnir sem greindust á endurtekinni hrygningu í veiðinni í Hörðudalsá 2025 höfðu allir hrygnt sem smálaxar 2024, gengið aftur til sjávar og snúið samsumars til baka í ána. Þeir ásamt stórlöxunum í veiðinni 2025 komu úr gönguseiðaárgangi 2023, sem virðist hafa verið nokkuð sterkur og/eða orðið fyrir litlum afföllum í sjávardvölinni ef tekið er mið af góðri veiði 2024. Smálaxagönguna í Hörðudalsá 2025 má að mestu rekja til klakárganga 2020 og 2021 sem komu nokkuð vel út í seiðamælingum og hefði mátt vænta þokkalegrar smálaxagöngu 2025. Eins og komið hefur fram gekk sú spá ekki eftir og er líklegt að árgangur gönguseiða 2024 hafi orðið fyrir töluverðum afföllum í sjávardvölinni og skilað lítilli smálaxagöngu árið eftir og styðja mælingar á sjávarhita í júlí 2024 þá kenningu. Sjávarhiti milli 60°N - 64°N og 20°W - 35°W var að meðaltali 10,4°C í júlí en var 11,1°C árið áður (Huang ofl., 2017). Það lítur út fyrir að öflugur gönguseiðaárgangur 2023 hafi þó dempað niðursveifluna í veiðinni í Hörðudalsá 2025.

Miðað við mikla veiði í Hörðudalsá árið 2024 hefði mátt búast við sterkum klakárgangi 2025. Í seiðamælingum þá um haustið reyndist nýliðun á laxi (0+) hinsvegar vera sú önnur lakasta frá árinu 2015. Meðallengd aldurshópsins var hinsvegar langt yfir meðallagi og tengist vafalaust langvarandi hlýindum þá um sumarið og nægu fæðuframboði, m.a. vegna lítillar samkeppni. Við greiningu á nýliðun laxaseiða á vatnasvæðinu hafa áður vaknað spurningar um sjálfbærni veiða, sbr. lítinn þéttleika 0+ seiða 2023, þrátt fyrir veiði yfir meðaltali árið áður (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson, 2024). Niðurstaða seiðamælinga 2025 gefur tilefni til að halda þeirri spurningu áfram á lofti, þ.e. hvort veiðihlutfall sé of hátt.

Algengast er að ferskvatnsdvöl laxaseiða á vatnasvæðinu sé 3 – 4 ár. Þannig geta mælingar á stærð aldurshópa seiða gefið vísbendingu um stærð gönguseiðaárganga x árum síðar. Í þessari umfjöllun hefur komið fram að þéttleiki sumargamalla (0+) seiða árið 2023 og 2025 var lítill og ekki þess að vænta að árgangarnir skili miklum fjölda gönguseiða. Árið 2024 mældist þéttleiki 0+ seiðanna hinsvegar í rúmu meðallagi en athygli vekur að árgangurinn mældist í litlum þéttleika sem 1+ seiði árið 2025. Samskonar niðurstöðu má sjá í seiðamælingum á vatnasvæði Flekkudalsár 2025 (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson, í ritun). Hugsanlega má rekja þessa niðurstöðu til affalla sem kunna að hafa orðið vegna þess hve kalt var í veðri sumarið 2024 en þá var vöxtur yngstu seiðanna (0+) víða talsvert undir meðaltali og sem dæmi má nefna niðurstöður seiðamælinga í Hörðudalsá og í Krossá á Skarðsströnd (Ásta Kristín Guðmundsdóttir ofl., 2025; Sigurður Már Einarsson ofl., 2025).

Ef gengið er út frá því að klakárgangur 2024 hafi orðið fyrir töluverðum afföllum vegna veðurfars eru líkur til þess að samfelldir klakárgangar áranna 2023, 2024 og 2025 skili fremur faliðuðum gönguseiðaárgöngum. Í framahaldinu yrðu væntingar dræmar hvað varðar laxveiðihorfur á svæðinu á árunum 2027 – 2030. Klakárgangar 2021 og 2022 (sem báðir voru yfir meðallagi) koma hinsvegar til með að standa undir veiði ársins 2026 sem gæti orðið þokkaleg svo fremi sem sjávarumhverfið verði þeim árgöngum hagstætt.

Í ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar hefur verið lagt til að leyfa eingöngu fluguveiðar á vatnasvæðinu og sleppa í auknum mæli lifandi fiski (veiða og sleppa), helst öllum hrygnum (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson, 2024). Greining veiðigagna sýnir að maðkur er ennþá algengasta agnið og hlutdeild þess að sleppa lifandi fiski er lág.

Um nokkurra ára skeið voru laxahrogn grafin á efra svæði Laugár ofan fiskvegarins með það í huga að flýta fyrir hugsanlegu landnámi laxa. Hrognagröfturinn bar ekki árangur en haustið 2023 (Hörður Hjartarson, tölvupóstur 4. apríl 2024) og árlega síðan voru hrygningarlaxar fluttir upp á svæðið (Hörður Hjartarson, tölvupóstur 24. janúar 2026) (Viðauki 3). Aðgerðirnar hafa borið árangur og í seiðamælingum 2024 og 2025 fannst klak (0+) auk þess sem veturgömul (1+) seiði fundust 2025. Fiskvegurinn var fleygaður 2020 (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2021) en fyrstu árin eftir gerð hans var neðsta hólfið líklegast ófært fiski. Upp úr því var svo hreinsað en ekki er vitað hvort fiskur hafi gengið fiskveginn. Þau laxaseiði sem nú alast upp á efra svæðinu eru mikilvæg þegar fram í sækir til að auka ásókn hrygningarlaxa upp á efra svæði árinna.

Þéttleiki vorgamalla bleikjuseiða hefur verið í jafnvægi síðustu ár en bleikjuveiði síðustu tveggja ára hefur verið í slakara lagi. Ekki eru þó til neinar mælingar á veiðihlutfalli bleikju í Hörðudalsá og er ekki víst að ásókn stangveiðimanna í bleikju sé stöðug. Sérstaklega gætu góðar laxagöngur minnkað

veiðialag á bleikjuna. Veiði á bleikju er samt ekki svipur hjá sjón miðað við veiðina í kringum aldamót en sú er einnig staðan annars staðar á Vesturlandi.

Ráðgjöf

Í ljósi lítils þéttleika laxaseiða er lagt til að eingöngu verði leyfð fluguveiði og aðferðin veiða og sleppa tekin upp á vatnasvæði Hörðudalsár. Slík veiðistjórnun getur flýtt fyrir landnámi á efri svæði Laugar ef samkeppni um hrygningarsvæði á neðri hluta árinna eykst. Staða bleikju á Vesturlandi gefur líka ástæðu til að hlífa þeim stofnum sem eftir eru.

Lagt er til að haldið verði áfram með flutning fiska upp á efra svæði Laugar. Flutningar haustin 2023 og 2024 hafa skilað árangri en ekki er að búast við afkomendum úr þeim flutningi fyrr en í fyrsta lagi 2027 en líklegra er að þeir skili sér sem smálaxar 2028.

Þakkarorð

Herði Hjartarsyni formanni Veiðifélags Hörðudalsár er þökkuð góð samvinna og Benóný Jónssyni er þakkaður vandaður yfirlestur á handriti skýrslunnar.

Heimildir

- Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson. (2018). Vöktun laxa- og bleikjustofna á vatnasvæði Hörðudalsár 2017. Skýrsla Hafrannsóknastofnunar, HV 2018-14. 16 bls.
- Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson. (2023). Vöktun laxa- og bleikjustofna á vatnasvæði Hörðudalsár 2022. Hafrannsóknastofnun. HV 2023-24. 18 bls.
- Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson. (2024). Vatnasvæði Hörðudalsár 2023. Vöktun laxa- og bleikjustofna. Hafrannsóknastofnun. HV 2024-17. 17 bls.
- Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson. (2025). Vatnasvæði Hörðudalsár 2024. Vöktun laxa- og bleikjustofna. Hafrannsóknastofnun. HV 2025-17. 20 bls.
- Ásta Kristín Guðmundsdóttir, Sigurður Már Einarsson og Jóhannes Guðbrandsson. (2017). Hörðudalsá 2016. Seiðarannsóknir og veiði. Skýrsla Hafrannsóknastofnunar, HV 2017-014. 11 bls.
- Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson. (2013). Seiðarannsóknir í Hörðudalsá 2012. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST/13004. 13 bls.
- Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson. (2021). Vöktun laxa- og bleikjustofna á vatnasvæði Hörðudalsár 2020. Hafrannsóknastofnun. HV 2022-26. 23 bls.
- Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson. (2022). Vöktun laxa- og bleikjustofna á vatnasvæði Hörðudalsár 2021. Hafrannsóknastofnun. HV 2022-25. 18 bls.
- Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson. (2025). Lax- og silungsveiðin 2024. Hafrannsóknastofnun og Fiskistofa. HV 2025-28. 37 bls.
- Hafrannsóknastofnun. (2025, 17. október). Bráðabirgðatölur fyrir stangveiði á laxi sumarið 2025. <https://www.hafogvatn.is/is/midlun/frettir-og-tilkynningar/bradabirgdatolur-fyrir-stangveidi-a-laxi-sumarid-2025>
- Halla Kjartansdóttir (2008). Repeat spawning of the Atlantic salmon (*Salmo salar*) in various salmon rivers in Iceland. Landbúanaðarháskóli Íslands. Agricultural University of Iceland. Umhverfiseiðil. BS-ritgerð. 54.bl.
- Huang B., Thorne P.W., Banzon V.F., Boyer T., Chepurin G., Lawrimore J.H., Menne M.J., Smith T.M., Vose R.S. og Zhang H. (2017). NOAA Extended Reconstructed Sea Surface Temperature (ERSST), Version 5. NOAA National Centers for Environmental Information. doi:10.7289/V5T72FNM.
- Jóhannes Guðbrandsson. (2020). Miðá og Tunguá 2019: Greiningar á stangaveiði og hreistri. Hafrannsóknastofnun. KV 2020-03. 19 bls.
- Olmos M., Payne M.R., Nevoux M., Prévost E., Chaput G., Du Pontavice H., Guitton J., Sheehan T., Mills K. og Rivot E. (2020). Spatial synchrony in the response of a long range migratory species (*Salmo salar*) to climate change in the North Atlantic Ocean. *Glob Change Biol.* 26:1319–1337 <https://doi.org/10.1111/gcb.14913>
- Sigurður Már Einarsson, Jóhannes Guðbrandsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir. (2025). Krossá í Döllum. Seiðarannsóknir, stangaveiði og göngur laxfiska. Hafrannsóknastofnun. HV 2025-14. 35 bls.
- Sigurjón Rist. (1990). Vatns er þörf. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Reykjavík.
- Veðurstofa Íslands. (2026a). *Tíðarfar í maí 2025*. Skoðað 9. janúar 2026 á <https://www.vedur.is/um-vi/frettir/tidarfar-i-mai-2025>

Veðurstofa Íslands. (2026b). *Tíðarfar í júní 2025*. Skoðað 9. janúar 2026 á <https://www.vedur.is/um-vi/frettir/tidarfar-i-juni-2025>

Veðurstofa Íslands. (2026c). *Tíðarfar í júlí 2025*. Skoðað 9. janúar 2026 á <https://www.vedur.is/um-vi/frettir/tidarfar-i-juli-2025>

Veðurstofa Íslands. (2026d). *Tíðarfar í ágúst 2025*. Skoðað 9. janúar 2026 á <https://www.vedur.is/um-vi/frettir/tidarfar-i-agust-2025>

Veðurstofa Íslands. (2026e). *Tíðarfar í september 2025*. Skoðað 9. janúar 2026 á <https://www.vedur.is/um-vi/frettir/tidarfar-i-september-2025>

Ítarefni

Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson. (2014). Hörðudalsá 2013. Seiðabúskapur og veiði. Veiðimálastofnun. VNST/14020. 10 bls.

Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson. (2015a). Hörðudalsá 2014. Seiðarannsóknir og veiði. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST/15015. 15 bls.

Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson. (2015b). Hörðudalsá 2015. Seiðarannsóknir og veiði. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST/15033. 13 bls.


Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson. (2019). Vöktun laxa- og bleikjustofna á vatnasvæði Hörðudalsár 2018. Hafrannsóknastofnun. HV 2019-08. 16 bls.

Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson. (2020). Vöktun laxa- og bleikjustofna á vatnasvæði Hörðudalsár 2019. Hafrannsóknastofnun. HV 2020-17. 21 bls.

Viðauki 1: Staðsetning stöðva vegna seiðamælinga á vatnasvæði Hörðudalsár 2025. *Ekki veidd.

Vatnsfall	Stöð (nr)	Kennileiti	N°	W°
Vífilsdalsá	1,5	Um 800 m ofan við bæinn Vífilsdal	64,94205	-21,65252
Vífilsdalsá	2	Farið niður hjá veiðistað 25-29	64,96256	-21,70203
Hörðudalsá	3	Neðan við Hól	64,98952	-21,76697
Hörðudalsá	4	Neðan við Geirshlíð	65,00247	-21,77273
Hörðudalsá	5	Neðan við Blönduhlíð	65,00833	-21,78500
Laugá	6,5*	Í gljúfri neðan við foss	64,94949	-21,74086
Laugá	7	Fyrir ofan brú	64,96320	-21,73503
Laugá	7,5*	Á mótis við rétt	67,96484	-21,73495
Laugá	Fiskvegur/foss	Efst í gljúfri	64,94590	-21,74092
Laugá	6	Ofan við fiskveg (250m)	64,94367	-21,74095
Laugá	125	Neðan við Fótagil (960 m)	64,93577	-21,74247
Laugá	100	Ofan við Fótagil (420 m)	64,92350	-21,74492

Viðauki 2. Stangveiðin á vatnasvæði Hörðudalsár 2025 eftir veiðistöðum. Nr. 0=veiðistaður ekki skráður; nr.1 er neðst í ánni og nr. 36 er efstur.



Viðauki 3: Yfirlit um fjölda hrygningarlaxa sem sleppt var lifandi á efra svæði Laugar haustin 2023 – 2025.

Ár	Smálax		Stórlax		Samtals
	Hr	Hæ	Hr	Hæ	
2023	5	2	1		8
2024	4	3	1		8
2025		1	1		2



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna